

## Fundargerð 24. aðalfundar KGSÍ haldinn laugardaginn 8. júní 2019 á Hótel Hallormsstað á Austurlandi klukkan. 9.00.

### Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla formanns og stjórnar KGSÍ.
3. Endurskoðaðir reikningar KGSÍ fyrir árið 2018 lagðir fram til umræðu og samþykktar.
4. Kosning formanns KGSÍ.
5. Kosning annarra stjórnarmanna.
6. Kosning skoðunarmanna reikninga KGSÍ.
7. “Nýja skráningarkerfið” Arnfinnur R. Einarsson tölvumaður hjá KGSÍ fer yfir helstu þætti þess.
8. “Framkvæmdir í fjórðungnum” Guðmundur Rafn Sigurðsson frkv.stj. Kirkjugarðaráðs fer yfir hjá kirkjugörðum í Austfjarðarfjórðungi.
9. Stjórn KGSÍ gerir grein fyrir því átaki sem farið var í á síðasta ári og varðar fjármál kirkjugarða..

### Matarhlé frá 12:00 til 13:00 á fundarstað.

10. Framkvæmdir við kirkjugarðinn á Eiðum – Þórhallur Pálsson sóknarnefndarformaður og arkitekt.
11. Rafmagnsverkfæri í kirkjugörðum. Kristján Linnet garðyrkjumaður hjá KGRP.
12. Afhending heiðursfélagsskirteina.
13. Skúli Björn Gunnarsson flytur erindi heimamanns.
14. Önnur mál.

<b>Fundargestir:</b>	
Albert Eymundsson	Hafnarkirkjugarður
Arnar Einarsson	Kirkjugarður Njarðvíkur
Arnfinnur Einarsson	KGRP
Ágúst Arnórsson	Egilsstaðakirkjugarður
Ásgerður Felixdóttir	Áskirkjugarður í Fellum
Berglind Erla Jóhannsdóttir	KGRP
Björn Aðalsteinsson	Bakkgerðiskirkjugarður
Björn Egilsson	Reyðarfjarðarkirkjugarður
Egill Heiðar Gíslason	KGRP
Emilía Guðrún Svavarsdóttir	KGRP
Erla Berglind Jóhannsdóttir	KGRP
Friðbjörn Björnsson	Kirkjugarður Keflavíkur

Gísli Þór Pétursson	Egilsstaðakirkjugarður
Guðmundur Rafn Sigurðsson	Kirkjugarðaráð
Guðný Sigurðardóttir	Selfoskirkjugarður
Hávarður Sigurjónsson	Kirkjugarðurinn Blönduósi
Halldóra Oddsdóttir	Hofskirkjugarður
Helga Oddsdóttir	KGRP
Helga Soffía Konráðsdóttir	KGRP
Helga Þóra Jónsdóttir	KGRP
Hermann Björn Erlingsson	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
Ingibjörg Björgvinsdóttir	Stöðvarfjarðar kirkjugarður
Jóhannes Pálmason	KGSÍ
Jónas Þór Jóhannsson	Egilsstaðakirkjugarður
Kristján Guðjónsson	Kirkjugarðar Akureyrar
Kristján Guðmundsson	KGRP
Kristján Linnet	KGRP
Margrét Guðjónsdóttir	KGRP
Ólöf Margrét Snorraddóttir	Egilsstaðakirkjugarður
Sigríður Bragadóttir	Hofskirkjugarður í Vopnafirði
Sigríður Inga Magnúsdóttir	KGRP
Sigríður Rún Tryggvadóttir	Egilsstaðakirkjugarður
Sigurgeir Skúlason	Kirkjugarðsjóður
Sindri Bessason	Kirkjugarðar í Hafnarsókn
Sveinn Valdimarsson	Kirkjugarðar Keflavíkur
Unnur Björgvinsdóttir	Heydalakirkjugarður
Valdimar Guðmannsson	Kirkjugarðurinn Blönduósi
Vilbergur Hjaltason	Reyðarfjarðarkirkjugarður
Þorgeir Arason	Egilsstaðakirkjugarður
Þorgrímur G. Jörgensson	KGRP
Þóroddur Skaptason	Hafnarfjarðarkirkjugarður
Þórsteinn Ragnarsson	KGRP
Þórunn Ragnarsdóttir	Árbæjarsókn
Örn Arnarsson	KGSÍ

## **Fundarsetning.**

Þórsteinn Ragnarsson formaður KGSÍ setti fund og bauð fundarmenn velkomna á 24. aðalfund KGSÍ á Hallormsstað. Þakkaði hann heimamönnum fyrir að mæta vel á fundinn og sína með því áhuga á málaflokknum. Þórsteinn minntist Ólafs Valgeirssonar frá Vopnafirði sem varð bráðkvaddur á árinu og risu fundarmenn úr sætum að heiðra minningu Ólafs. Þórsteinn sagði frá ákvörðunum um staðsetningu og tímasetningu fundarins og að fundirnir væru haldnir víða um land. Komið hafa athugasemdir að halda fundinn um hvítasunnuna en það hentaði vel fyrir þennan stað eftir ábendingu frá hóteltjóra hótelsins á staðnum

### **1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.**

Stungið var upp á að Egill Heiðar Gíslason yrði fundarstjóri og Hermann Björn Erlingsson fundarritari og voru þeir samþykktir í þau störf.

Fundarstjóri kynnti dagskrá fundar, engar athugasemdir voru gerðar við dagskrá fundarins og hún samþykkt. Fundarstjóri lagði til að liður 12, afhending heiðursfélagsskírteina verði færður til kvöldverðarhófsins og var það samþykkt.

Vonaðist hann eftir skemmtilegum og árangursríkum fundi.

### **2. Skýrsla formanns og stjórnar KGSÍ.**

Þórsteinn Ragnarsson formaður KGSÍ kynnti ársskýrslu stjórnar sem dreift var til fundarmanna og fór yfir efni hennar og vakti athygli á nokkrum atriðum.

Framlag ríkis til kirkjugarða er undirstaða í rekstri kirkjugarða og er um 90% af rekstrarfé, hækkun á gjaldinu milli ára var 2.6%, framlaginu er skipt í þrjá flokka fastakostnað, grafartöku og líkbrennslu. Mikil óánægja er með með framlag ríkisins og skerðingu á því sem nemur um 40%. Launakostnaður hjá stærri görðum vegur hátt og fækka hefur þurft sumarstarfsmönnum og dregið hefur úr viðhaldi sem kemur í bakið á mönnum. Vinnuhópur var settur á fót á aðalfundinum á Ísafirði 2017 sem í eru Magnús Gunnarsson, Albert Eymundsson, Egill Heiðar Gíslason, Sveinn Valdimarsson og Þórsteinn Ragnarsson, funduðu þeir tvisvar og hittu ráðamenn sem sögðu þeim að framlaginu verði ekki breytt og það verði skert áfram. Fram kom hjá formanni að kirkjugarðar landsins verði að laga sig að þessu umhverfi. KGSÍ telur fullreynt að ná til ráðamanna og hefur reynt leiðir sem eðlilegar þykja og það er fullreynt. Þórsteinn vonar að framlagið verði ekki skert meira en orðið er. Sagði hann að fulltrúar í vinnuhópi sem væru á fundinum væru tilbúnir til viðræðna á fundinum ef fundarmenn óska.

Þjónusta við útfarir hefur hækkað vegna þess að prestar fengu 80% launahækkun á árabílinu 2013-16. Ríkið samdi við presta og bætti ekki að sama skapi við framlagið sem hefði verið eðlilegt að gera. Stjórn KGSÍ gerir ekki athugasemd við að prestar hafi hækkað en það er eðlilegt réttlæti að framlagið hækki líka til að bæta kirkjugörðum upp kostnaðaraukann.

Aðalfundurinn í fyrra var í Vestmannaeyjum rúmlega 40 fundarmenn mættu og voru alls um 80 með gestum. Þetta var góður fundur og áhugaverðir fyrirlestrar. Þórsteinn sagði frá áhuga stjórnar KGSÍ um að sameina kirkjugarðastjórnir innan prófastsdæma landsins. Tekið var fram að ávallt hefur verið lögð áhersla á að í sameinuðum stjórnnum sætu fulltrúar allra sókna, það væri mikilvægt til að ítök allra sókna væri tryggð. Kirkjugarðastjórnir eru um 250 er er mjög mikilvægt að fækka þeim með skipulögðum hætti til að gera stjórn kirkjugarða skilvirkari.

Kostnaður við nýja bókunarkerfi sem tengt er [www.gardur.is](http://www.gardur.is) hefur farið úr böndum. Ekki verður bætt við kerfið meira en orðið er nú þegar.

Bautasteinn komi út í 1400 eintökum fyrir fundinn og var dreift víða um land. Þórsteinn og Guðmundur Rafn hafa tekið þátt í erlendu samstarfi fyrri hönd KGSÍ, fundur í norræna sambandinu NFKK veður haldinn í haust í Reykjavík. Erlendir kirkjugarðargarðar eiga ekki við sama fjárhagsvanda og íslenskir og framlög til þeirra eru ekki skert.

Formaður þakkaði fyrir gott samstarf á árinu og sagði að ljóst er að við þær fjárhagsaðstæður sem kirkjugarðar hafa búið við undanfarið ár reynir mikið á stjórn og starfsmenn kirkjugarða.

Þórsteinn Ragnarsson formaður KGSÍ kynnti rekstraráætlun KGSÍ fyrir 2019, tekjur 13.090.944 kr. kostnaður 11.850.000 kr. og tekjuafgangur 1.250.944 kr, helstu liðir utan venjubundna eru vegna endursmíði á [gardur.is](http://gardur.is).

Rekstraráætlun var samþykkt samhljóða

Fundarstjóri þakkaði fyrir góða skýrslu og frestaði umræðum um skýrsluna og rekstraráætlunina.

### **3. Endurskoðaðir reikningar KGSÍ fyrir árið 2017 lagðir fram til umræðu og samþykktar.**

Margrét Guðjónsdóttir frá KGRP fór yfir ársreikninga KGSÍ.

Margrét fór yfir alla helstu liði, rekstrartekjur, gjöld, efnahagsreikning, sjóðsstreymi.

Rekstrartekjur ársins námu	kr. 15.568.821.-
Rekstrargjöld voru	kr. 15.292.936.-
Tekjur umfram gjöld námu	kr. 275.885.-
Eftir fjármagnsliði er hagnaður ársins	kr. 283.254.-
Handbært fé í árslok	kr. 3.740.290.-
Eigið fé	kr. 13.562.610.-

Fundarstjóri þakkaði Margréti fyrir góðar útskýringar og gaf orðið laust fyrir fyrirspurnir

Jóhannes Pálmason Reykjavík spurði að hve miklu leiti hafi sveitarfélögin komið að rekstri kirkjugarða, og viðhaldi þeirra, er til yfirlit yfir það?

Jónas Þór Jóhannsson Egilsstaðir, sagði að tvennt gæti komið úr sameiningu kirkjugarða, þeir gætu sennilega sinnt betri þjónustu og kostnaður breyttist, hann hefur ekki trú á því að fólk vilji vinna fyrir ekki neitt vegna aðkomu að grafartöku. Ræddi almennt um rekstur garða og nefndi hvort kirkjugarðastjórnir ættu að láta ríkið hafa reksturinn og segja gjörið svo vel þið getið rekið kirkjugarðanna. En ekki væri víst að þeir vildu það því þetta er viðamikill rekstur.

Þórsteinn Ragnarsson formaður KGSÍ, svaraði fyrirspurnum, samkvæmt lögum þurfa sveitarfélögin að afhenta land tilbúið undir grafartöku fyrir kirkjugarða. Nokkur sveitarfélög hafa í gegnum tíðina komið að rekstri garða en dregið hefur mikið úr því þar sem afkoma sveitarfélaga hefur ekki verið góð, helst er að þau sveitarfélög hafa boðið fram vinnuflokka sumarstarfsmanna til umhirðu garða.

Skýrsla stjórnar og reikningar samþykktir samhljóða.

#### **4. Kosning formanns KGSÍ.**

Þórsteinn Ragnarsson gaf kost á sér sem formaður KGSÍ og var hann einróma kjörinn formaður.

#### **5. Kosning annarra stjórnarmanna.**

Fundarstjóri sagði að stjórnarmenn gæfu kost á sér áfram til stjórnarsetu, Guðmundur Rafn Sigurðsson og Albert Eymundsson sem aðalmenn og Þórunni Ragnarsdóttir og Sveinn Valdimarsson sem varamenn. Hlutu þau einróma kosningu til stjórnar KGSÍ.

#### **6. Kosning skoðunarmanna reikninga KGSÍ**

Skoðunarmenn voru endurkjörnir, þeir Þjóðbjörn Hannesson og Magnús Gunnarsson..

#### **7. “Nýja skráningarkerfið” Arnfinnur R. Einarsson tölvumaður hjá KGSÍ fer yfir helstu þætti þess.**

Arnfinnur kynnti kerfið garður.is og fór yfir notkun á kerfinu.

Þórsteinn Ragnarsson formaður KGSÍ sagði frá virkni kerfisins og hvernig greiðslur fara í gegnum kerfið.

Tekið var fram að allir sér forritunarþættir sem KGRP notar í kerfinu eru greiddir af þeim.

Sindri Bessason Höfn í Hornafirði, sagði að á gamla vefnum hefði verið kort sem hægt væri að nota við leit í kerfinu, verður það í boði? Arnfinnur sagði að það væri ekki í boði í nýja kerfinu.

Hermann Björn Erlingsson Hafnarfirði sagði að hann skildi kostnað vegna hönnunar og smíði nýja kerfisins, þetta væri flókið og sérhæft kerfi og sérsníði væri dýr. Hermann spurði hvort nota ætti innskráningarkerfið Island.is? Arnfinnur sagði að það hefði verið skoðað en verði ekki tekið upp vegna kostnaðar.

## **8. “Framkvæmdir í fjórðungnum” Guðmundur Rafn Sigurðsson frkv.stj. Kirkjugarðaráðs fer yfir hjá kirkjugörðum í Austfjarðarfjórðungi.**

Guðmundur Rafn sagði að í Austfjarðarfjórðungi væru 34 kirkjugarðar og hjá flestum hafa verið einhverjar framkvæmdir. Hann sýndi myndir af nokkrum verkefnum og sagði frá þeim framkvæmdum. Guðmundur fór um gamla Múlaprófastdæmið fyrir nokkrum árum og heimsótti yfir 50 heimagrafreiti, en þeir eru flestir hér á landi í því gamla prófastsdæmi. Hann sagði frá vinnu Fornleifastofnunar Íslands um skráningu heimagrafreita og lagði til að fengið verði erindi um heimagrafreiti frá Fornleifastofnun Íslands á næsta aðalfund KGSÍ.

Spurningar til Guðmundar Rafns.

Hermannn Björn Erlingsson Hafnarfirði hvað kostar metrinn í hleðsluvegg ? Svar, fer eftir hver vinnur verkið en reikna má með um 75 þúsund krónum á fermetra og hlaðnir hafa verið um 6000 fermetrar á síðustu árum. Hleðsluveggir eru góðir til afmörkunar í görðum og endast lengi.

Þorgeir Arason Egilsstöðum, ræddi um heimagrafreiti og spurði ert þú að fá beiðnir um nýja heimagrafreiti og leiðbeiningar um umhirðu þeirra ?

Svar, tekið var fyrir nýja heimagrafreiti með lögum árið 1963 það má jarðsetja í þá en ekki stækka umhirða og allt annað vegna heimagrafreita er ábyrgð jarðareiganda.

Helga Soffía Konráðsdóttir Reykjavík, þakkaði Guðmundi fyrir hans góða starf og hvatti hann til að segja oft frá starfinu. Málefni fundarins tákna gildi, trú og sið og við erum döpur og hrygg að það vantar fjármagn í starfið. Sjálfboðaliðastarfið gefur okkur mjög mikið og ef sveitarfélögin taka við umhirðu garðanna þá förum við á mis við þá umhyggju sem fólk hefur með görðunum og virðing fyrir mannlegu lífi verði fyrir borð borin ef sveitarfélögin tækju við görðunum. Hugsum líka til þess hvað fáum við í staðinn fyrir að vinna að þessu starfi, það er sælla að gefa en þiggja.

Fundarstjóri benti á bók sem liggur frammi á fundinum, Trúarbrögð og útfararsíðir og fundarmenn geta tekið sér ókeypis eintak.

## **9. Stjórn KGSÍ gerir grein fyrir því átaki sem farið var í á síðasta ári og varðar fjármál kirkjugarða.**

Albert Eymundsson Höfn í Hornafirði Albert situr í vinnuhóp um átak til kynningar á fjármálum kirkjugarðanna, hann sagði að við eigum undir högg að sækja og fáum lítin skilning ráðamanna. Menn veigra sér við að berjast fyrir kirkjugörðunum á Alþingi þetta er ekki vinsælt efni. Fór yfir stjórn vinnuhópsins.

Þórsteinn Ragnarsson formaður KGSÍ benti á að staðreyndarblöð um rekstur garðanna hefðu orðið til með vinnu fjölmiðlafulltrúans Gunnars Kvaran sem KGSÍ réð til verksins og hann hefði setti saman textann á staðreyndarblöðunum en þau segja allt sem segja þarf um málið.

Dómsmálaráðherra sagði á fundi að hún vissi af skerðingunni en kirkjugarðar landsins fengu ekki meira fjármagn. Þess vegna, sagði formaður, þarf að aðlaga sig að þessu og sníða starfið eftir fjármagninu.

Skera þarf niður liði sem ekki eru skylda í lögum um rekstur garðanna, t.d. athafnarýmin og líkhúsin. Valdimar Guðmannsson Blönduós, lagði til að haldið verði áfram með vinnuna og ræða við t.d. nýjan ráðherra og gefa okkur a.m.k. eitt ár enn til að vinna að málinu.

Þorgeir Arason Egilsstöðum, Er það rétt skilið hjá mér að þið ætlið að loka líkhúsinu hjá KGRP?

Þórsteinn Ragnarsson formaður KGSÍ, ekkert er ákveðið en það nálgast þann tímapunkt fljótlega að taka verður ákvörðun um rekstur líkhússins og athafnarýma.

Jónas Þór Jóhannsson Egilsstaðir óskaði eftir útskýringu á rekstri líkhúsa, Heilbrigðisstofnun Austurlands vill loka líkhúsi og kapellu á Egilsstöðum, er rétt að enginn beri skyldu til að reka líkhús?

Þórsteinn Ragnarsson formaður KGSÍ, það eru engar löglegar skyldur til um geymslu á líkum. Til eru drög að frumvarpi til laga sem tekur á þessu en það fæst ekki lagt fram á þingi.

### **Dagskrárbreyting 11. liður færður fram fyrir 10 lið, samþykkt.**

#### **11. Rafmagnsverkfæri í kirkjugörðum. Kristján Linnét garðyrkjumaður hjá KGRP.**

Kristján Linnét sagði frá tæknivæðingu verkfæra hjá KGRP. Mikil hagræðing að fá rafmagnsverkfæri í stað verkfæra sem ganga fyrir bensíni þau eru bæði þyngri og menga mikið með útblæstri.

Sagði frá vandamálum þegar leiði eru ekki lengur snyrt, þá safnast fyrir þar illgresi og óæskilegar plöntur sem sá sér út fyrir leiðin.

### **Fundarhlé var gert frá kl. 12:10– 13:00.**

#### **10. Framkvæmdir við kirkjugarðinn á Eiðum – Þórhallur Pálsson sóknarnefndarformaður og arkitekt.**

Þórhallur Pálsson sagði frá staðnum Eiðum og Eiðakirkju sem er kennt við eiðið milli fljóts og vatns. Sagði hann frá sögu staðarins og kirkjunnar. Hann kynnti framkvæmdir sem staðið hafa yfir síðast liðin ár í kirkjugarðinum og á Eiðakirkju. Hans lokaorð voru „að vel varðveitt kirkja í sveit ásamt snyrtilegum kirkjugarði er stolt íbúanna og sameiningartákn að einhverju leyti. Við viljum leggja okkar lið til að fólk sem heimsækir staðinn fari með jákvæðar minningar, hvað sem öðru líður“.

### **Dagskrárbreyting 14. liður önnur mál var færður fram fyrir 13 lið, samþykkt.**

A. Sigurgeir Skúlason landfræðingur og starfsmaður kirkjugarðaráðs.

Sigurgeir sagði frá starfi sínu sem er m.a. að kortleggja kirkjugarða og mæla út leiði og koma því yfir á kort. Hann fór yfir vinnu sína við mælingu, með GPS tæki og drónamyndum. Hluti af hans vinnu er einnig að skipuleggja garðana og ný grafarsvæði ásamt að setja upp númerakerfi á gröfunum í garðinum. Þá hefur færst í vöxt að skipuleggja svæði fyrir duftker í görðunum.

### **13. Skúli Björn Gunnarsson flytur erindi heimamanns.**

Skúli Björn Gunnarsson forstöðumaður Gunnarsstofnunar flutti erindið, Menningarminjar og margmiðlun. Skúli Björn sagði frá starfsemi Gunnarsstofnunar og Evrópska verkefninu Cine sem er Tenging náttúru og menningarminja í umhverfi Norðurslóða sem stofnunin tekur þátt í. Markmið Cine eru, „að vernda, þróa og kynna náttúru- og menningararfleið svæðanna, að bæta aðgengi að mikilvægum sögu- og menningarlegur upplýsingum og að efla sjálfstraust afskekktara svæða með yfirfærslu þekkingar“.

### **14. Önnur mál.**

B. Valdimar Blönduós færði Guðmundi Rafni og Sigurgeiri þakkir fyrir samstarfið og ómetanlegt er að geta leitað til þeirra.

C. Jónas Þór Jóhannsson Egilsstaðir, þakkaði Skúla Birni fyrir erindið, er ekki hægt að efla skráningu í kirkjugörðunum t.d. geta tekið mynd af leiði og fengið allar upplýsingar um þann sem þar liggur með forriti í símanum.

Fundarstjóri þakkaði fyrir samstarfið á fundinum.

Þórsteinn Ragnarson formaður KGSÍ flutti lokaorð og þakkaði fundargestum fyrir góðan fund, embættismönnum fundarins fyrir þeirra framlag og sleit fundi klukkan 14:58.

Fundargerð ritaði: Hermann Björn Erlingsson, ritari stjórnar Kirkjugarðs Hafnarfjarðar

### **Kvöldverðarhóf.**

#### **12. Afhending heiðursfélagsskírteina.**

Stjórn KGSÍ útnefndi Jóhannes Pálmason og Örn Arnarson, Bróa, heiðursfélaga KGSÍ fyrir vel unnin störf í þágu KGSÍ í áraraðir og afhenti Þórsteinn formaður þeim til staðfestingar heiðursfélagaskírteini. Jóhönnu Árnadóttur og Guðlaugu Hestnes, konum þeirra, var afhentur blómvöndur vegna þess að þær hafa ávallt komið á aðalfundi KGSÍ með mönnum sínum og þannig stutt þá til starfa á þessum vettvangi.

Myndir af aðalfundi: [https://gardur.is/kgsi\\_vefur/myndir2019/](https://gardur.is/kgsi_vefur/myndir2019/)